

Dagur íslenskrar tungu



2018

Til kennara – Örstuttar bragfræðileiðbeiningar

A. Hrynjandi (taktur): Vísur byggjast á hrynjandi eða takti. Braglínurnar skiptast í taktbil sem kallast bragliðir eða kveður. Oftast eru fjórar kveður í fyrri línunni (frumlínunni) og þrjár (eða fjórar) í þeirri seinni (síðlínunni). Tvö atkvæði eru í hverri kveðu (langoftast, geta einstöku sinnum verið þrjú) nema í stýfðum liðum.

Í orðavísunni (A1) eru kveðurnar afmarkaðar með strikum. Þar eru stýfðir liðir (eitt atkvæði) í 1. og 3. braglínu (ná/fá):

A1

Sækja, | veiða, | sigra, | ná,
seilast, | hafa, | draga,
yfir- | -taka, | elta, | fá,
afla, | vitja, | laga.

B. Ljóðstafir: Ljóðstafir standa fremst í orðum á ákveðnum stöðum í vísunni og skiptast í stuðla og höfuðstafi. Algengast er að ljóðstafir séu þrír saman í hverjum tveimur línum, tveir stuðlar í frumlínunni (1. og 3. línu) og höfuðstafur fremst í síðlínunni, (2. og 4. línu):

B1

Virða, hylla, marka, mennta,	= stuðlar m, m
meta, rýna, nýta,	= höfuðstafur m
lúta, göfga, horfa, henta,	= stuðlar h, h
heiðra, akta, líta.	= höfuðstafur h

C. Samhljóðar/sérhljóðar: Ef ljóðstafurinn er samhljóði verður að nota sama stafinn (sjá vísu B1). Ef sérhljóðar eru notaðir fyrir ljóðstafi má nota hvaða sérhljóða sem er. Skoðum seinni hluta af vísu A1 (sem fær nýtt heiti):

C1

yfirtaka, elta, fá,	= stuðlar y, e
afla, vitja, laga.	= höfuðstafur a

D. Ljóðstafurinn s; gnýstuðlar: Ef stafurinn *s* er notaður fyrir ljóðstaf verður að gæta að því hvaða stafur kemur næst á eftir *s*-inu. Stafapörin *sk, sl, sm, sn, sp* og *st* eru sérstakir ljóðstafir (kallast gnýstuðlar). *Sk* gengur aðeins á móti *sk, sl* aðeins á móti *sl* o.s.frv. Önnur *s*-pör má nota hvert með öðru.

D1

Sannur, réttur, séður, hreinn,	= stuðlar s (sannur) s (séður)
seyrður, traustur, boginn,	= höfuðstafur s (seyrður)
skældur, rangur, skitinn, beinn,	= stuðlar sk (skældur), sk (skitinn)
skakkur, undinn, loginn.	= höfuðstafur sk (skakkur)

E. Hvar standa ljóðstafirnir: Höfuðstafurinn í síðlínunni verður alltaf að standa fremst, þ.e. í fyrsta áhersluatkvæði línunnar (ath. forlið). Annar af stuðlunum tveimur, sem eiga heima í frumlínunni, verður alltaf að standa í 3. kveðunni. Hinn má vera í 1., 2. eða 4. kveðu:

E1

Bráðum koma blessuð jólin	(1. og 3. kveða)
börnin fara að hlakka til	(höfuðstafur 1. kveða)

E2

Mastrið syngur sveigt í keng	(2. og 3. kveða)
seglið kringum hljómar.	(höfuðstafur 1. kveða)

E3

Þarna siglir einhver inn	(3. og 4. kveða)
ofur- -lítil duggan	(höfuðstafur 1. kveða)